

Héraðsdómara ber að taka beiðni sóknaraðilja um dómkvaðningu til meðferðar á dómþingi og taka afstöðu til hennar í úrrskurðarformi, sbr. ákvæði 190. gr. laga nr. 85/1936.

Rétt er, að kærumálskostnaður falli niður.

D ó m s o r ð :

Sýslumanninum í Þingeyjarsýslu ber að taka beiðni sóknaraðilja, Emmu Þorsteinsdóttur og Jóns Þorsteinsonar, um dómkvaðningu landskiptamanna til meðferðar á dómþingi.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 17. október 1975.

Nr. 87/1975. Sigurður Jónsson

gegn

Hrafni Bragasyni borgardómara.

Dómendur:

hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr og Björn Sveinbjörnsson.

Kærumál. Dómarar. Þinghöld.

Dómur Hæstaréttar.

Með bréfi til varnaraðilja 14. maí 1975 kærði Hilmar Ingimundarson hæstaréttarlögmaður vegna sóknaraðilja til Hæstaréttar „meðferð“ varnaraðilja í þinghaldi 7. maí s. á. á bæjarþingsmálinu nr. 5574/1974: Jón V. Guðjónsson gegn Sigurði Jónssyni og gagnsök. Kærubréfinu fylgdi lögmælt kærugjald. Varnaraðili endursendi hæstaréttarlögmanninum kærubréfið ásamt kærugjaldinu sama dag og tók fram í bréfi, er fylgdi, að honum væri veittur kostur „á að leiðrétta mis-

sagnir í kærinni eða draga hana til baka“. Eigi verður séð, að hæstaréttarlögmaðurinn hafi svarað bréfi þessu eða gert frekari reka að kærinni.

Ljósrit af eftirriti fyrrgreinds kærubréfs frá 14. maí 1975 barst Hæstarétti 23. maí s. á. og þá undirritað af sóknaraðilja. Er þess þar krafist, að í Hæstarétti verði varnaraðilja „veitt áminning“ eða hann verði „dæmdur í sekt til ríkissjóðs“.

Í greinargerð sinni fyrir Hæstarétti 20. júní 1975 ítrekar sóknaraðili kröfur sínar í kærubréfinu og krefst þess að auki, að varnaraðili verði víttur fyrir meðferð sína á kærumálinu.

Varnaraðili hefur í greinargerð vísað á bug öllum kröfum sóknaraðilja.

Samkvæmt skýrslum sóknaraðilja eru atvik máls þessa þau, að hinn 7. maí 1975 var á bæjarþingi Reykjavíkur háð þinghald í fyrrgreindu bæjarþingsmáli, og sat varnaraðili í dómarasæti. Sóknaraðili, sem var gagnstefnandi í málinu, kveðst hafa verið kvaddur í dómsalinn, og hafi sættir þá verið reyndar í málinu. Hafi hann gert grein fyrir, hvers vegna hann vildi eigi tak sáttaboði, er varnaraðili hafi hreyft. Varnaraðili hafi þá skyndilega risið á fætur, gert hróp að sér, lamið í borðið og boðið sér að víkja úr dómsalnum. Síðan hafi varnaraðili krafist þess, að lögmaður sóknaraðilja viki sóknaraðilja úr dómsalnum. Að svo búnu hafi varnaraðili látið bóka, að bæjarþingi væri slitið og horfið á braut, án þess að lögmönnum aðilja gæfist kostur á að andmæla „slíkri málsmeðferð“.

Í bréfi sínu 14. maí 1975 til lögmanns sóknaraðilja bendir varnaraðili á, að þegar aðalstefnandi í fyrrgreindu bæjarþingsmáli hafi lokið við að gefa aðiljaskýrslu, hafi sóknaraðili verið kvaddur að nýju í dómsal í því skyni að reyndar yrðu sættir með aðiljum, en ekki hafi þessa verið getið í þingbók. Sóknaraðili hafi hafnað sáttatillögum dómarsans (varnaraðilja) og hafið „utan dagskrár mikil ræðuhöld ... og varð ekki stöðvaður þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir dómara“. Hafi sér því verið „nauðugur einn kostur að víkja honum úr þinghaldi, sbr. 1. mgr. 39. gr. laga nr. 85/1936“. Þar

sem sóknaraðili hafi þá tekið að meiðyrða sig, hafi varnaraðili neyðst til að slíta þinghaldinu. Þá bendir varnaraðili á, að lögmenn aðilja hafi undirritað þingbók án athugasemda.

Svo sem að framan er rakið, endursendi varnaraðili lögmanni sóknaraðilja kærubréf hans, en afgreiddi eigi kæruna til Hæstaréttar ásamt lögmæltum gögnum, svo sem honum bar, sbr. 24., 27. og 28. gr. laga nr. 75/1973. Þegar þessa er gætt, verður að telja, að kæran hafi komið fram nægilega tímanlega, sbr. 22. gr. laga nr. 75/1973. Svo sem kæruefni þessu er háttað, er kæra heimil samkvæmt lokaákvæði 21. gr. laga nr. 75/1973.

Skýrslu sóknaraðilja um framkomu varnaraðilja á bæjarþingi Reykjavíkur er andmælt efnislega af varnaraðilja. Skýrsla þessi er ekki studd neinum gögnum. Er því eigi sannað, að varnaraðili hafi sýnt af sér óviðurkvæmilega háttsemi á dómþingi 7. maí 1975, svo sem sóknaraðili ber honum á brýn. Þegar af þessari ástæðu eru eigi efni til að taka til greina kröfur sóknaraðilja í máli þessu.

Kærumálskostnaðar hefur ekki verið krafist.

D ó m s o r ð :

Kröfur sóknaraðilja, Sigurðar Jónssonar, á hendur varnaraðilja, Hrafni Bragasyni borgardómara, eru eigi teknar til greina.
